

ÁRTÚNSSKÓLI

YTRA MAT Á SKÓLASTARFI



Apr. 2015

Ritun skýrslu:

Auður Ævarsdóttir

Birna Sigurjónsdóttir, ritstjóri

Sigrún Einarsdóttir

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Sigríður Sigurðardóttir

Valgerður E. Þorvaldsdóttir

Töflur og myndir:

Hildur Björk Svavarsdóttir

Sara Björg Ólafsdóttir

INNIHALD

Ártúnsskóli	1
Ytra mat á skólastarfi	1
Inngangur	4
Ártúnsskóli	4
Árangur nemenda - yfirlit	5
Greining á skólastarfi í Ártúnsskóla	7
Styrkleikar	7
Tækifæri	8
Stjórnun.....	9
Fagleg forysta.....	9
Stefnumótun og skipulag	10
Uppeldis- og menntastarf	11
Nám og kennsla.....	12
Nám og Námsaðstæður	12
Þátttaka og ábyrgð nemenda	13
Námsaðlögun	14
Vettvangsheimsóknir í Ártúnsskóla	15
Frístundastarf.....	17
Skóla- og staðarbragur	18
Leikskóli	18
Grunnskóli.....	19
Frístundaheimili	20
Mannauður	20
Innra mat.....	22
Ártúnsskóli – yfirlit	23

INNANGANGUR

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats í Ártúnsskóla sem fram fór í febrúar 2015. Matið var framkvæmt af starfsfólki um ytra mat leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Ártúnsskóli yrði einn af þeim skólum þar sem fram færi ytra mat á skólastarfi skólaárið 2014-2015. Gagna var aflað með könnunum, viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið. Í könnun sem lögð var fyrir foreldra var svarhlutfallið 82% meðal foreldra leikskólabarna og 74% hjá foreldrum grunnskólabarna. Í foreldrakönnun frístundaheimilis var svarhlutfallið 54,4%. Í starfsmannakönnun var svarhlutfallið 70%. Nemendakönnun var lögð fyrir alla nemendur í 6. og 7. bekk.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess eru að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar innra mati skólanna. Við matið voru notuð viðmið um gæði leikskólastarfs, viðmið um mat á gæðum grunnskóla og viðmið um gæði frístundastarfs. Viðmiðin fyrir leikskólastarfið og frístundastarfið voru mótuð á skóla- og frístundasviði en viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á grunnskólastarfið voru útbúin fyrir ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi: <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

Viðmið um gæði leikskólastarfs hafa verið gefin út í bæklingi af skóla- og frístundasviði Reykjavíkur (2014) og eru einnig á heimasíðu skóla- og frístundasviðs. Viðmið um gæði frístundastarfs eru enn í mótn og hafa ekki verið gefin út.

Í köflum um stjórnun, mannauð og innra mat voru viðmið leiksskóla, grunnskóla og frístundastarfs sameinuð þannig að í skýrslunni er fjallað sameiginlega um þessa þætti skólastarfsins. Kaflar um faglegt starf eru aðskildir fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili og kaflar um skólabrag er með undirkafla sem eiga við hverja einingu samrekins skóla fyrir sig.

ÁRTÚNSSKÓLI

Skólastjóri Ártúnsskóla er Rannveig Andrésdóttir, aðstoðarskólastjóri er Ellen Gísladóttir, Hólmfríður B. Hannesdóttir er aðstoðarleikskólastjóri og forstöðumaður frístundaheimilis er Eva María Emilsdóttir. Í skólanum eru 164 grunnskólanemendur í sjö bekkjardeildum í 1.- 7. bekk og 66 leikskólabörn á þremur deildum. 70 börn eru skráð í frístundastarf 1.- 4. bekkjar. Spá um nemendafjölda gerir ráð fyrir svipuðum nemendafjölda í grunnskólanum næstu árin, en spáð er að fjölgi á frístundaheimili næstu tvö árin en fækki síðan aftur.

Í skólanum starfa 60 starfsmenn skólaárið 2014-2015 í 46.4 stöðugildum, þar af 20 grunnskólakennarar í alls 16.5 stöðugildum og 4 leikskólakennarar í 3,75 stöðugildum.

Ef aðeins er miðað við kennara í grunnskólanum eru um 10 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra en hlutfall nemenda á kennara í Reykjavík (10,3) en hærra en á landsvísi að meðaltali (9,3)¹.

Ártúnsskóli tók til starfa í nýju skólahúsi haustið 1987 og byggt var við skólann 1992 og 1993. Haustið 2002 var síðan lokið við viðbyggingu með framleiðslueldhúsi og fjölnotasal.

Ártúnsskóli er frá og með 1. janúar 2012 samrekin grunnskóli, leikskóli og frístundaheimili. Eitt af markmiðum með sameiningunni var að stuðla að heildstæðri þjónustu við börn og auka samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir samhliða ytra mati voru foreldrar beðnir að svara því hvort þessi markmið hafi náðst í Ártúnsskóla. 80% þeirra sem svara eru afdráttarlaust jákvæð gagnvart sameiningunni, „mjög ánægð með þessa sameiningu og tel hana hafa heppnast vel“. Foreldrar tala um samfellu milli skólastiga sem einn kost við sameininguna „skólinn ekki ókunnugur börnunum þegar þau byrja í 1. bekk“ og sameiginlega starfsdaga „það að allt starfið sé skipulagt saman þýðir 8 færri dagar sem ég þarf að taka leyfi frá vinnu vegna starfsdaga sem munar miklu“. 13% svara veit ekki og 7% eru neikvæð gagnvart sameiningunni.

ÁRANGUR NEMENDA - YFIRLIT

Samræmd könnunarpróf - meðaltöl og framfarastuðlar

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
4. bekkur										
Íslenska	36,9	34	28,6	33,9	38,4	33,3	34,8	34,1	38,1	38,5
<i>Reykjavík</i>	<i>30,9</i>	<i>30,6</i>	<i>30,4</i>	<i>30,3</i>	<i>31,3</i>	<i>31,2</i>	<i>30,4</i>	<i>30,5</i>	<i>30,8</i>	<i>30,5</i>
Stærðfræði	37,6	38,2	31,9	28,9	40,4	34,3	33,5	35,5	42,5	39,4
<i>Reykjavík</i>	<i>30,0</i>	<i>30,2</i>	<i>30,0</i>	<i>30,0</i>	<i>30,4</i>	<i>30,5</i>	<i>29,7</i>	<i>29,9</i>	<i>30,6</i>	<i>30,3</i>
7. bekkur										
Íslenska	33,0	29,4	34,6	36,8	36,3	30,8	31,7	40,0	35,3	37,5
Framfarastuðull Íslenska	1,02	1,00	0,99	1,03	1,01	0,99	0,97	1,06	1,04	
<i>Reykjavík</i>	<i>31,2</i>	<i>30,6</i>	<i>30,5</i>	<i>30,4</i>	<i>31,3</i>	<i>30,8</i>	<i>30,8</i>	<i>30,6</i>	<i>30,8</i>	<i>31,1</i>
Stærðfræði	32,2	31,4	36,3	40,0	34,3	33,1	31,1	37,3	36,6	40,1
Framfarastuðull stærðfræði	1,02	1,03	0,98	1,04	0,96	1,04	1,02	0,98	1,02	
<i>Reykjavík</i>	<i>31,1</i>	<i>30,5</i>	<i>30,6</i>	<i>30,8</i>	<i>31,0</i>	<i>30,4</i>	<i>30,9</i>	<i>30,5</i>	<i>30,6</i>	<i>31,4</i>

Meðaltalsárangur í Ártúnsskóla í samræmdum prófum í 4. bekk árið 2014 var yfir meðaltali borgarinnar bæði í íslensku og stærðfræði, og oftast hefur meðaltal í Ártúnsskóla í báðum greinum verið yfir meðaltali Reykjavíkur og stundum töluvert yfir meðaltali borgarinnar.

Meðaltalsárangur í 7. bekk er einnig töluvert yfir meðaltali Reykjavíkur í báðum greinum. Er það svipuð niðurstaða og flest árin þar á undan, oftast hefur skólinn verið yfir meðaltali borgarinnar og stundum töluvert yfir. Framfarastuðlar hafa nær alltaf sýnt eðlilegar framfarir og í íslensku hafa framfarirnar sl. tvö ár verið töluverðar. Framfarastuðlar fyrir samræmd próf 2014 liggja ekki fyrir.

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014 (fylgiskjal 12)

Lesskimun og Talnalykill

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Lesskimun 2. bekkur										
Hlutfall sem les sér til gagns	81%	71%	77%	81%	85%	74%	88%	95%	80%	63%
Reykjavík	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%	63%	66%
Talnalykill 3. bekkur										
Hlutfall sem tekur bara 1.										
hluta		88%	93%	89%	95%	100%	95%	100%	100%	100%
Reykjavík		69%	68%	66%	69%	72%	74%	76%	75%	73%

Í lesskimun í 2. bekk hefur hærra hlutfall nemenda í Ártúnsskóla öll undanfarin ár náð að lesa sér til gagns en í Reykjavík í heild sinni, en á síðasta ári lækkaði hlutfallið verulega og var aðeins undir meðaltali borgarinnar. Huga þarf sérstaklega að læsi í þessum árgangi og skoða hvað veldur slakari árangri en áður.

Allir nemendur í 3. bekk Ártúnsskóla hafa undanfarin þrjú ár aðeins þurft að fara í gegnum 1. þrep stærðfræðiprófsins Talnalykils sem er langt yfir meðaltali skólanna í Reykjavík.

STYRKLEIKAR

- Stjórnendur eru faglegir leiðtogar og hvetja starfsfólk til faglegs samstarfs. Mikil ánægja er með alla stjórnendur, að því er fram kom í viðhorfskönnun og rýnihópum.
- Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti.
- Markvisst er unnið að þróun og umbótum í grunnskólanum með fjölbreyttum þróunarverkefnum.
- Starfsfólk á öllum starfsstöðvum metur starfsandann góðan.
- Skólaráð er sameiginlegt fyrir leikskóla og grunnskóla, það fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun. Foreldrafélagið er virkt og skipuleggur ýmsa viðburði í skólastarfinu.
- Árangur nemenda í Ártúnsskóla er góður í samræmdum prófum og skimunum.
- Skólinn er án aðgreiningar og áhersla er lögð á að koma til móts við alla nemendur.
- Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í nýrri skólanámskrá og þeir eru víða sýnilegir í starfi skólans.
- Allar stundir voru metnar góðar eða frábærar í vettvangsheimsóknunum sem sýnir fagmennsku kennara og kennslufræðilega hæfni. Lögð er áhersla á útikennsla og nýtingu umhverfis á fjölbreyttan hátt í námi.
- Nemendur fá þjálfun í markvissri samvinnu og val nemenda um viðfangsefni og útfærslu verkefna er töluvert miðað við vettvangsathuganir.
- Bekkjargundir eru fastur þáttur í starfi allra bekkjardeilda.
- Nemendum er falin ábyrgð og hlutverk í skólastarfi með, s.s. aðstoð á skólasafni, í matsal og með þátttöku í Skólavinaverkefni.
- Í skólanum ríkir viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi heimaskóla.
- Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks leikskóla við börnin, þau eru glöð og ánægð og líður vel í leikskólanum.
- Námsumhverfi í leikskóla styður við máltöku og málþroska
- Foreldrar telja að barninu líði vel í leikskólanum og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks.
- Námsumhverfi er ríkulegt, það er snyrtilegt og húsnæði og efnivið vel við haldið.
- Ábyrgð og verkaskipting starfsfólks í daglegu starfi leikskólans er skýr og öllum ljós.
- Í Handbók Skólasels kemur fram að lögð sé áhersla á félagsfærni, sjálfstæði, sjálfsmynd og lýðræðislega starfshætti. Handbókin er mjög vel unnin og inniheldur góðar upplýsingar fyrir foreldra og nýtt starfsfólk.
- Sjálfssprottnum leik, vali og athöfnum barna er gefið gott rými í frístundaheimilinu eftir hefðbundið skólastarf.
- Mikil virðing fyrir börnunum og þau fá öll jöfn tækifæri og jafna hlutdeild í starfinu.
- Skólinn hefur mótað stefnu um jávæðan skólabrag.
- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu og föstudagssamvera telst til fyrirmyndar. Samveran er opin foreldrum og er þátttaka góð
- Upplýsingamiðlun til foreldra er regluleg og á heimasíðu eru glöggar og gagnlegar upplýsingar um skólastarfið í grunnskólanum.
- Foreldrar sem svara foreldrakönnun frístundaheimila eru ánægðir með samstarf og samskipti við frístundaheimilið.
- Starfsandi er góður, starfsfólki líður almennt vel í vinnunni og finnst hæfni þess og þekking nýtast í starfinu.
- Skólinn hefur útbúið viðmið um góða kennslustund og góðan kennara.

TÆKIFÆRI

- Vinna þarf stefnumótun fyrir Ártúnsskóla þar sem fram koma áherslur og sérstaða hvernar einingar.
- Tryggja upplýsingastreymi milli stjórnenda m.a. með reglulegum fundum og skerpa á verkaskiptingu þeirra.
- Efla endurgjöf og stuðning stjórnenda við starfsmenn.
- Leita leiða til að auka faglegt samstarf milli skólastiga og milli frístundaheimilis og leik- og grunnskóla og tryggja boðleiðir vegna barna sem þurfa stuðning.
- Auka samstarf við aðila í grenndarsamfélaginu.
- Gera sameiginlega símenntunaráætlun allra starfsmanna í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimili.
- Auka þarf þátttöku allra hagsmunaaðila að gerð starfsáætlunar og gera aðgerðaráætlun fyrir frístundaheimili.
- Móta læsisáætlun fyrir leikskóla og grunnskóla sem sýnir samfellu í lestrarnáminu.
- Skoða efnivið á deildum leikskólans með tilliti til sköpunar, vísinda og fjölbreytni. Efla þarf markvisst læsi í viðum skilningi og gera ritmál sýnilegra.
- Hlusta eftir sjónarmiðum barna og gefa börnum tækifæri til að koma að skipulagningu leikskólastarfsins og hafa áhrif á viðfangsefni í daglegu starfi.
- Auka samstarf um stuðning og sérkennslu í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimili og koma á markvissu samstarfi milli sérkennara í grunnskóla og leikskóla.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu á skólalóð leik- og grunnskóla.
- Auka áherslu á umræður, ígrundun og skoðanaskipti í námi og nýta áhugasvið nemenda og styrkleika þeirra enn frekar til náms.
- Auka nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni í námi.
- Tryggja fulla þátttöku nemenda í skólaráði og að þeir séu lýðræðislega valdir.
- Gera aðgerðaráætlun fyrir frístundaheimilið.
- Huga þarf að meiri hollustu og fjölbreytni í siðdegishressingu barna á frístundaheimili.
- Æskilegt er að nýta umhverfið á markvissan hátt til útilífs, sjálfstæðis, óformlegs náms og sköpunar.
- Gefa sjálfsprottum leik og athöfnum barna meira rými í frístundatímunum sem koma inn í skóladaginn.
- Nýta aðferðir barnalýðræðis til að ná fram hugmyndum allra barna og virkja þau enn frekar í að hafa áhrif á frístundastarfið og vinna markvisst með Barnasáttmálann í starfinu.
- Gera þarf grein fyrir í skólanámskrá hvaða leiðir eru farnar til að innleiða og viðhalda góðum skólabrag.
- Leikskólinn skoði fjölbreyttar leiðir til að auka þátttöku foreldra í leikskólastarfinu þar sem nokkuð skortir á markvisst samstarf við foreldra leikskólabarna um námið.
- Á heimasíðu skólans þarf að setja upplýsingar um leikskólann og frístundaheimilið skýrar fram og til jafns við grunnskólann.
- Auka þarf samstarf milli allra eininga og tryggja að stjórnendur fundi reglulega saman.
- Leita þarf allra leiða til að fjölga leikskólakennurum og tengja leikskólastarfið enn frekar við aðalnámskrá leikskóla.
- Lýsa í skólanámskrá helstu leiðum sem skólinn fer til að meta skólastarfið.
- Koma á matsteymi með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans.
- Virkja foreldra og nemendur þegar áherslur og forgangsöröðun í innra mati er ákveðin.
- Meta þarf markmið skólanámskrár markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um árangur.
- Meta þarf starf leikskólans með fjölbreyttum aðferðum og gera matsáætlun.
- Gera þarf greinargerð um innra mat sem nær til allra deilda skóla- frístundastarfsins þar sem m.a. kemur fram að hve miklu leyti árangur sem stefnt er að hefur náðst.
- Sýna hvernig umbótaverkefni tengjast greiningu á niðurstöðum innra mats.

STJÓRNUN

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: Faglega forystu, stefnumótun og skipulag og samstarf heimila og skóla. Stjórnunarkafinn endurspeglar stöðuna í samrekknum skóla, viðmið um gæði starfsins eru tekin frá leikskóla, grunnskóla² og frístundastarfi. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Ártúnsskóla fyrir hvern kafla um sig.

FAGLEG FORYSTA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI; STJÓRNUN STOFNUNAR; FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN.

STYRKLEIKAR

Stjórnendur í Ártúnsskóla eru sýnilegir í daglegu starfi og leggja sig fram um að eiga jákvæð samskipti við nemendur, foreldra og starfsmenn svo til fyrirmyndar er. Að mati starfsmanna eru stjórnendur faglegir leiðtogar, hafa skýra framtíðarsýn og hvetja til faglegs samstarfs innan vinnustaðarins. Starfsmenn og foreldrar þekkja gildi og einkunnarorð skólastarfsins og þau eru sýnileg í daglegu starfi.

Stefna grunnskólans er skýrt sett fram í starfsáætlun hans og á heimasíðu og í handbók Skólasels eru sett fram leiðarljós starfsins. Skipurit sem birt er í starfsáætlun grunnskólans endurspeglar stjórnun skólans að flestu leyti. Starfsfólk og foreldrar tóku þátt í stefnumótunarvinnu sem fram fór í tengslum við sameiningu leikskólans, grunnskólans og frístundaheimilisins.

Samskipti eru jákvæð, starfsandi góður og starfsfólk fær nauðsynlegar upplýsingar vegna starfs síns að mati viðmælenda í rýnihópum. Gerð er fundaáætlun fyrir skólaárið, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar. Á starfsmannafundum eru rædd bæði fagleg málefni og framkvæmd starfsins. Mikið faglegt samstarf er í hverri einingu fyrir sig. Skipulags-/starfsdagar eru sameiginlegir í leik- og grunnskóla.

Lýðræði og mannréttindi eru áhersluatriði í stefnu skólans sem kemur skýrt fram í starfsáætlunum leik- og grunnskólans, jafnréttisáætlun liggur fyrir og unnið er eftir henni.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur er til í leikskóla og grunnskóla og starfsfólk þekkir verklagsreglur sem gilda í barnaverndarmálum, áföllum og öryggismálum (90% sammála í starfsmannakönnun).

Markvisst hefur verið unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum í Ártúnsskóla á undanförunum árum, s.s. *Sandleikur og sögugerð* og *Heilsuefling og skógurinn*. Verkefnið *Læsi, leikur, tjáning*, sem unnið var skólaárið 2012-2013 var sameiginlegt fyrir leikskólann og grunnskólann eða fyrir 5-7 ára börn. Ártúnsskóli er *Skóli á grænni grein* og hefur flaggað Grænfánanum þrisvar sinnum. Skólinn hefur einnig verið þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi skóli* frá hausti 2010.

Áherslur grunnskólans koma fram í símenntunaráætlun hans og stjórnendur hvetja starfsfólk til þátttöku. Í starfsáætlun leikskólans kemur fram hvaða símenntun var ástunduð á sl. skólaári.

² Sjá viðmið um gæði í skólastarfi grunnskóla:

http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Skýra þarf að stefna Ártúnsskóla er sameiginleg fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili og birta einnig áherslur og sérstöðu hvernar einingar. Virkja þarf börn/nemendur og foreldra við endurskoðun stefnunnar.

Meta þarf með markvissum hætti framkvæmd einstakra þátta í stefnu skólans. Þar sem greinargerð um innra mat liggur ekki fyrir kemur ekki fram hvort eða hvernig stefnan er metin.

Æskilegt er að efla enn frekar faglegt samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis um nám og leik og með hagsmuni barna/nemenda og foreldra í huga. Einnig þarf að samhæfa störf þeirra sem sjá um málefni barna/nemenda sem þurfa stuðning, námslega eða félagslega og tryggja boðleiðir fyrir nauðsynlegar upplýsingar. Lykilatriði er að styrkja samstarf í stjórnunarteymi sem í sitja stjórnendur allra eininga samrekins skóla og skýra verksvið þess.

Efla þarf endurgjöf og stuðning stjórnenda við starfsmenn en rúmlega 30% starfsmanna sem svara starfsmannakönnun telja sig ekki fá endurgjöf og stuðning í starfi frá stjórnendum.

Leita þarf leiða til að tryggja deildarstjórum í leikskóla umsaminn undirbúningstíma.

Æskilegt er að auka samstarf milli skólastiga og við frístundaheimili um þróunar- og umbótaverkefni. Í símenntunaráætlun þarf að koma fram hvernig einstaklingar sækja sér símenntun. Sú áætlun sem liggur fyrir er grunnskólamiðuð og þyrfti að aðlaga hana að samreknum skóla og frístundaheimili og gera sameiginlega símenntunaráætlun allra starfsmanna.

STEFNUMÓTUN OG SKIPULAG

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSSKRÁ; SKÓLADAGUR NEMENDA; VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR OG SKÓLARÁÐ, FORELDRAFÉLAG

STYRKLEIKAR

Starfsáætlanir leikskóla og grunnskóla fyrir skólaárið eru birtar á heimasíðu skólans. Starfsáætlun grunnskólans er að nær öllu leyti í samræmi við kröfur í aðalnámskrá og stefnu skóla- og frístundasviðs og skólanámskrá almennur hluti uppfyllir að mestu þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá. Fram kemur hvernig grunnskólinn hyggst vinna að grunnþáttum aðalnámskrár og hæfniviðmið hafa verið mótuð í nokkrum námsgreinum, m.a. íslensku. Handbók Skólasels er birt á heimasíðunni og uppfyllir hún að mestu kröfur um aðgerðaáætlun.

Í heildina á fá nemendur í 1.-7. bekk Ártúnsskóla námstíma sem er aðeins yfir því sem viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir. Stundatöflur eru samfelldar ef frá er talinn sundtími hjá eldri nemendum sem fellur utan skólatíma. Nemendur eiga þess kost að stunda frístundastarf í beinu framhaldi af veru á frístundaheimili og fá þá akstur frá skóla að vettvangi.

Svokallaður *Hringur* er á stundatöflu nemenda í 1.-7. bekk og elstu barna í leikskóla í tvær stundir á viku og er sá tími ætlaður til samvinnu milli árganga að heildstæðum, samþættum verkefnum. Í nýrri skólanámskrá er gerð góð grein fyrir þessu samstarfi sem einnig nær til elstu barna leikskólans. Fram koma m.a. hugmyndir verkefnum á hverju stigi og að hvaða grunnþáttum er unnið

Mótaðar hafa verið leiðir til að vinna að góðum skólabrag og í rýnihópum kemur fram að starfsfólk metur

starfsandann góðan á öllum starfstöðvum. Nemendur móta bekkjarreglur undir stjórn umsjónarkennara síns.

Unnið er eftir verklagsreglum um viðbrögð við einelti og að mati nemenda í rýnihópi er strangt tekið á því ef einelti kemur upp. Rúmlega 80% nemenda sem svara nemendakönnun segja að kennarar og starfsfólk séu góð í að stöðva einelti.

Heildaráætlun um sérkennslu og stuðning hefur verið skilað til skóla- og frístundasviðs, áætlunin uppfyllir viðmið sem henni eru sett. Áætlun liggur fyrir um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna nemendur sem þurfa aðstoð í námi. Lestrarstefna fyrir grunnskólann hefur verið sett upp með markmiðum fyrir hvern árgang og viðmiðum um árangur, þar kemur einnig fram hvaða matstæki eru notuð til að kanna stöðu nemenda. Samstarf er við þjónustumiðstöð vegna barna með sérþarfir.

Skólaráð er sameiginlegt fyrir leikskóla og grunnskóla, það fundar reglulega, fundir eru boðaðir með dagskrá og fulltrúar fá fundargerð í tölvupósti. Foreldrafélagið er virkt og skipuleggur ýmsa viðburði í skólalastarfinu. Upplýsingar um nöfn stjórnarmanna og bekkjarfulltrúa fyrir hvern bekk eru á heimasíðu skólans. Þar er líka að finna fundargerðir aðalfunda félagsins undanfarin ár.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Æskilegt er að útbúa starfsáætlun og almennan hluta skólanámskrár sem tekur til allra eininga Ártúnsskóla hvað varðar sameiginlega þætti í stefnu og starfsháttum.

Í starfsáætlun leikskólans þarf að gera betri grein fyrir einstökum þáttum, s.s. símenntun og innra mati. Skólanámskrá fyrir leikskólann er aðeins til í drögum og svo virðist sem ekki sé unnið markvisst eftir þeim drögum í daglegu starfi. Móta þarf læsisáætlun fyrir leikskóla og grunnskóla sem sýnir samfellu í lestrarnáminu.

Útbúa þarf áætlun um móttöku nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi halda og fyrir nemendur af erlendum uppruna. Tryggja þarf aðkomu allra hagsmunaaðila að mótun og endurskoðun áætlana skólans og skólaregna.

Tryggja þarf að skólaráð endurspegli samrekin skóla en enginn fulltrúi frístundaheimilis situr þar eins og er. Nemendur þekkja ekki fulltrúa sína í skólaráði og lítil sem engin upplýsingamiðlun er frá þeim. Nemendur virðast ekki fullgildir þátttakendur í ráðinu og eru aðeins boðaðir á suma fundi. Í rýnihópi stjórnar nemendafélags að þeir fá ekki mikla þjálfun eða kennslu fyrir setu í ráðinu en þeir telja að þeir geti „oftast“ haft áhrif á vettvangi ráðsins. Ekki virðast vera bein tengsl milli foreldrafélags og fulltrúa foreldra í skólaráði.

Æskilegt er að birta starfsreglur skólaráðs og foreldrafélags á heimasíðu. Velja þarf fulltrúa nemenda í skólaráði á lýðræðislegan hátt.

UPPELDIS- OG MENNTASTARF

Viðmiðum um uppeldis- og menntastarf í leikskóla er skipt í sex undirkafla: Skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshættir, Leikur og nám – lýðræði jafnrétti og þátttaka barna, námsvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans og mat á námi og velferð barna.

Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum leikskólans í Ártúnsskóla. Byggt er á viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.

STYRKLEIKAR

Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börnin. Þau eru glöð og ánægð og líður vel í leikskólanum.

Andrúmsloftið er jákvætt og þægilegt og góð samvinna er á milli starfsfólks.

Grænfánaverkefni er sýnilegt í leikskólanum og börnin eru þátttakendur í verkefninu. Möguleikar húsnæðis eru vel nýttir og jafnvægi er milli frjálsra og skipulagðra stunda. Bókakostur leikskólans er mikill og lögð hefur verið rækt hann. Námsumhverfi styður við máltöku og málþroska og starfsmenn nýttu daglegar athafnir, s.s. í leik, hópastarfi og í fataherbergi til náms og samskipta og voru meðvituð um að setja orð á athafnir.

Sjálfstæði barna er eftir við matarborðið og þau hvött til að hjálpa sér sjálf. Í rýnihópi barna telja þau upp margt sem þeim þykir skemmtilegt að fást við, eins og dúkkubú, sögustund og íþróttir. Eins töluðu þau um að það væri gaman að leika með dótið sem er í geymslunni í salnum og brúðuleikhús.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning og þær endurskoðaðar reglulega. Farið er eftir ferli ef grunur vaknar um frávík hjá barn og allt starfsfólk er upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Almennt má bæta efnivið á deildum með tilliti til sköpunar, vísinda og fjölbreytni. Starfsfólk þarf í auknum mæli að nýta viðbrögð barnanna og hlusta eftir sjónarmiðum þeirra til að þróa viðfangsefni sem taka mið af hæfileikum og námsþörfum þeirra. Einnig að sjá til þess að börn setji sér markmið og komi með tillögur að leiðum í eigin námi og gefa þeim tækifæri til að koma að skipulagningu starfsins og hafa áhrif á viðfangsefni í daglegu starfi.

Efla þarf markvisst læsi í viðum skilningi og gera ritmál sýnilegra. Þróa enn frekar vinnu með heimamenningu barnanna. Gera þarf markvissa áætlun um mat á námi og framförum barna og vinna að skráningu á námi barna, til dæmis með ferilmöppum. Starfsfólk fái leiðbeiningar um skráningar.

Efla enn frekar gagnkvæmt samstarf milli skólastiga og koma á markvissu samstarfi milli sérkennara grunnskóla og leikskóla þar sem mörg verkefni og tækifæri eru til staðar, s.s. þróunarverkefnið *Sandleikur og sögugerð*.

Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst erfitt í fataklefanum þar sem þau þurfa að bíða í öllum fötunum áður en þau mega fara út. Sumum börnum finnst stimpilgjöf í fataklefa truflandi. Börnin vilja að starfsfólk virði sjálfstæði þeirra varðandi salernisferðir.

Tryggja þarf aðkomu foreldra að gerð og endurskoðun einstaklingsnámskrár.

NÁM OG KENNSLA

Viðmiðum um nám og kennslu er skipt í þrjá meginkafla: Nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Ártúnsskóla fyrir hvern kafla um sig.

Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.³

NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI; KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU; NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

³ <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

STYRKLEIKAR

Árangur nemenda í Ártúnsskóla er góður í samræmdum prófum og skimunum í lestri og stærðfræði og nær alltaf töluvert yfir meðaltali borgarinnar. Á heimasíðu er vakin athygli á fjölbreyttum árangri nemenda.

Skólinn er án aðgreiningar að mati stjórnenda og kennara, „það er stefnan og við leggjum okkur fram um að koma til móts við alla“, segir í rýnihópi. Foreldrar sem svara foreldrakönnun eru sammála fullyrðingunni: kennararnir þekkja þarfir barnsins míns og styðja það vel í skólastarfinu.

Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans og vinna við endurskoðun til samræmis við aðalnámskrá 2011 er langt komin. Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í skólanámskránni og eru víða sýnilegir í starfi skólans, þar er fyrst og fremst að nefna *læsi* en bókasafnið er hjarta skólans, *sjálfbærni* en skólinn er Grænánaskóli, *heilbrigði og velferð* sem m.a. kemur fram í áherslum á útikennslu og *sköpun og jafnrétti* sem eru t.d. sýnileg á samkomu á sal í hverri viku. Í nýrri skólanámskrá eru birtar greinanámskrár í íslensku, list- og verkgreinum og íþróttum, þær eru settar upp með hæfniviðmiðum sem stefnt er að við lok 4. bekkjar og 7. bekkjar. Einnig er sett fram skipulag á samþættum verkefnum í svokölluðum hringekjum.

Rúmlega 90% foreldra sem svara könnun segjast hafa greiðan aðgang að námsvísum/námsáætlunum. Svipað hlutfall foreldra á yngsta stigi segir heimanám barnanna hafa skýr markmið og vera vel skipulagt.

Fjölbreytt námsgögn og ríkulegt námsumhverfi styður við nám og kennslu. Í vettvangsheimsóknum voru allar stundir metnar góðar eða frábærar sem sýnir fagmennsku kennara og kennslufræðilega hæfni þeirra. Markvissa samvinna nemenda var merkt við í tæplega helmingi stunda og í um 40% tilvika höfðu nemendur val um verkefni og útfærslu þess.

Í könnun Skólapúlssins sem lögð var fyrir nemendur í 6. og 7. bekk sést að ánægja af lestri er töluvert yfir meðaltali á landsvísi en áhugi á stærðfræði og náttúrufræði er nær meðaltali sambærilegra skóla. Trú á eigin námsgetu og vinnubrögð í námi er einnig nokkuð yfir landsmeðaltali sem þýðir að þeir eru meðvitaðir um styrkleika sína í námi sem gefur tækifæri til að leyfa þeim að nýta þá í náminu.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Ljúka þarf endurskoðun á námsvísum/námskrám greina og taka út eldri greinanámskrár af heimasíðu, þær eru gerðar út frá eldri aðalnámskrá og eru því ekki í samræmi við nýja skólanámskrá.

Það er áskorun fyrir skólann að efla enn frekar áherslu á lýðræði og mannréttindi með virkari þátttöku nemenda í ákvörðunum um eigið nám og námsumhverfi. Einnig að gera skýrari grein fyrir markmiðum stundarinnar, leggja meiri áherslu á leiðbeinandi endurgjöf, auka áherslu á umræður, ígrundun og skoðanaskipti í námi og nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni.

Leita þarf leiða til að bæta aðstöðu á skólalóð leik- og grunnskóla en bæði hjá foreldrum og starfsfólki komu fram athugasemdir vegna skólalóðar sem þykir ekki nógu örugg, þar vanti göngustíga og lýsingu.

ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA

SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

STYRKLEIKAR

Skólabragur einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti að mati viðmælenda í rýnihópum.

Bekkjarfundir eru fastur þáttur í starfi allra bekkjardeilda, þar er fjallað um samskipti í hópnum, hegðun og líðan eftir ákveðnum settum reglum. Þannig eru þau eru þjálfuð í að taka ábyrgð á hegðun sinni auk þess sem mánaðarlega leggja nemendur og foreldrar mat á hegðun og líðan og nemendur setja sér markmið fyrir næsta tímabil. Nemendum er falin ábyrgð og hlutverk í skólastarfi, s.s. með aðstoð á skólasafni, í matsal og með þátttöku í Skólavinaverkefni.

Í nemendakönnun sem lögð var fyrir nemendur í 6. og 7. bekk segja þeir að kennarar veiti því athygli sem þeir segja, rúmlega 90% eru því sammála og svipað hlutfall er sammála fullyrðingunni: Það er tekið mark á skólaráðinu/nemendafélaginu þegar nemendur vilja fá breytingar í skólastarfinu.

Nemendur og foreldrar eiga greiðan aðgang að námsáætlunum í Mentor og námskrám á heimasíðu og þannig eru markmið námsins þeim ljós.

Í starfsáætlun skólans kemur fram áhersla á fjölbreytt námsmat og í nýrri skólanámskrá er undir yfirheitinu lykilhæfni skilgreind viðmið um ábyrgð og mat á eigin námi við lok fjórða og sjöunda bekkjar. Foreldraviðtöl eru þrisvar á ári, þar er farið yfir námsframvindu barnsins.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Tryggja þarf fulla þátttöku nemenda í skólaráði og að þeir séu lýðræðislega valdir, nemendur eru aðeins boðaðir á tvo fundi skólaráðsins á ári og ekki virðist gert ráð fyrir að þeir miðli upplýsingum til samnemenda sinna um umræður og ákvarðanir ráðsins. Eins er ekki ljóst hvort þeir eru valdir eða kosnir lýðræðislegri kosningu.

Auka þarf ábyrgð nemenda á eigin námi með skýrri markmiðssetningu í upphafi kennslustunda og viðmiðum um þann árangur sem stefnt er að og kenna nemendum að setja sér eigin markmið í námi í samráði við kennara og foreldra.

NÁMSAÐLÖGUN

Samantekt úr köflunum: Námið við hæfi allra nemenda og stuðningur við nám.

STYRKLEIKAR

Í skólanum ríkir viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi heimaskóla óháð atgervi þeirra og stöðu. Í foreldrakönnun eru yfir 90% foreldra sammála fullyrðingum um að barnið taki stöðugum framförum í náminu og telja að það sé hvatt til að leggja sig fram. Rúmlega 80% foreldra á yngsta stigi og 73% á miðstigi segjast í foreldrakönnun fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins. Foreldrar eru með í ráðum þegar sett eru einstaklingsmarkmið.

Skólinn skilaði inn heildaráætlunum um stuðning vorið 2014. Annars vegar um stuðning við fatlaða nemendur og hins vegar stuðning við nemendur vegna hegðunar, tilfinningalegra og félagslegra örðugleika. Báðar áætlanir eru vandlega unnar og eru í samræmi við þarfir nemendahópsins. Fram koma öll þau atriði sem skólunum var ætlað að fjalla um skv. því leiðbeinandi formi sem þeir fengu til að vinna út frá.

Þroskaþjálfari sem starfar við skólann sinnir einstaklingum bæði í leikskóla og grunnskóla. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi, þroskaþjálfari sér um gerð hennar ásamt kennurum barnsins. Sérkennsla og stuðningur fer ýmist fram inni í bekk eða einstaklingar og hópar eru teknir út. Að sögn sérkennara koma mun fleiri í námsver en þeir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.

Verkefnið *Sandleikur og sögugerð* sem unnið hefur verið að í Ártúnsskóla allt frá árinu 2002 er fyrirmyndarverkefni sem hefur hlotið styrki og viðurkenningar utanlands og innan. Lýsing á verkefninu er birt á

heimasíðu skólans.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Æskilegt er að auka samstarf um stuðning og sérkennslu í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimili og samnýta aðstöðu og sérfræðipækkingu milli skólastiga. Gera mætti enn betur með því að leyfa áhuga nemenda og styrkleikum að njóta sín í náminu, láta það koma fram í námsframboði og námsvísum og koma til móts við bráðger börn með verkefnum við hæfi.

Tryggja þátttöku foreldra og aðkomu nemenda að setningu einstaklingsmarkmiða. Foreldrum er sýnd einstaklingsnámskrá sem gerð er fyrir nemanda en þeir koma ekki að því að móta áherslur eða markmið og ekki nemendur sjálfir heldur. Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og fræðslu til að mæta þörfum allra nemenda en fram kemur í viðtali að leitað er til þjónustumiðstöðvar eftir ráðgjöf þegar þörf krefur.

VETTVANGSHEIMSÓKNIR Í ÁRTÚNSSKÓLA


Í skólaheimsókn í Ártúnsskóla voru alls 18 kennslustundir heimsóttar og metnar út frá viðmiðum um gæði stundarinnar. Stundin er metin góð þegar flestir nemendur ná tökum á viðfangsefni stundarinnar og flestir fá verkefni við hæfi. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir ⁴. Allar stundir sem voru heimsóttar í Ártúnsskóla voru metnar góðar eða frábærar, þar af voru 16 af 18 góðar og 2 frábærar.

Mat á kennslustund		
	Fjöldi	Hlutfall
Frábær	2	11%
Góð	16	89%
Samtals	18	100%


Einnig var skoðað hvaða kennsluaðferð/ir og vinnubrögð voru notaðar í stundinni. Oftast var merkt við fleira en eitt atriði þannig að í þessum 18 stundum voru 37 merkingar. Oftast voru nemendur að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, merkt var við það í 9 stundum eða helmingi tilvika. Þá var merkt við innlögn eða beina kennslu í 39% stundanna, verklegt og sköpun og tjáningu í 33% þeirra eins og sjá má í töflunni hér að neðan.

Kennsluaðferð		
	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	9	50%
Innlögn	7	39%
Verklegt	6	33%
Sköpun og tjáning	6	33%
Markviss samvinna	5	28%
Sjálfstæð vinna / eigið val	4	22%

Skoðað var hvort nemendur væru að vinna hver að sínu verkefni eða saman í pörum eða hópum að sameiginlegri lausn eða skilum. Eins og sjá má á myndinni hér að ofan var einstaklingsvinna í rúmlega helmingi stundanna og samvinna nemenda í 44% þeirra.



⁴ Sjá nánari lýsingu í fylgiskjali: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.




Notkun á upplýsingatækni í námi og/eða kennslu var sérstaklega skoðuð og ef svo var þá hvort kennari/ar eða nemendur nýttu sér tæknina. Upplýsingatækni var sjaldnast notuð í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru en í 78% stundanna notuðu hvorki nemendur né kennarar tæknina eins og sjá má á myndinni.

Lagt var mat sjálfstæði nemenda í vali á verkefnum, þ.e. hvort kennari ákveður verkefni eða nemandi hefur val eða ákveður. Kennari ákvað verkefni í 56% þeirra stunda sem heimsóttar voru, en nemendur í 44% eins sjá má í töflunni hér að neðan.

Val á verkefnum		
	Fjöldi	Hlutfall
Kennari ákveður	10	56%
Nemandi ákveður	8	44%
Samtals	18	100%

Auk þess var skráð sérstaklega ef nemendur höfðu val um **útfærslu verkefnis** og átti það við í 44% kennslustundanna.

Val á útfærslu verkefna	Fjöldi	Hlutfall
Kennari velur	9	50%
Nemandi velur	8	44%
Bæði nemandi og kennari velja	1	6%
Samtals	18	100%



Markmið stundarinnar sýnilegt eða kynnt

Þá var skoðað hvort **markmið stundarinnar hefði verið sýnilegt eða kynnt** fyrir nemendum en það var sjaldnast eða einungis í 22% stundanna eins og sjá má á myndinni.

FRÍSTUNDASTARF

Viðmiðum um frístundastarf er skipt í fimm undirkafla: Skipulag starfs og starfsaðstæður, uppeldi og menntun, starfshættir og viðfangsefni, virk þátttaka og lýðræði, mannréttindi og margbreytileiki. Hér fer á eftir samantekt úr niðurstöðum Skólasels.

STYRKLEIKAR

Í Skólaseli er velferð og hagur barna höfð að leiðarljósi í öllu starfi. Húsnæði er snyrtilegt og efniviður er fjölbreyttur og honum vel við haldið. Ábyrgð og verkaskipting starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.

Í Handbók Skólasels kemur fram að lögð sé áhersla á félagsfærni, sjálfstæði, sjálfsmynd og lýðræðislega starfshætti. Handbókin er vel unnin og inniheldur góðar upplýsingar fyrir foreldra og nýtt starfsfólk. Hreyfing og útvera er til fyrirmyndar. Í klúbbastarfi eru börnin að vinna með verkefni sem ná yfir lengri tíma. Börnin eru hvött til að ganga frá eftir sig, raða töskum og skóm og bera ábyrgð á fötunum sínum og af því leiðir að gangarnir og annað rými er snyrtilegt.

Sjálfsprottnum leik, vali og athöfnum barna er gefið gott rými í frístundaheimilinu eftir hefðbundið skólastarf. Börnin standa við val sitt og eru hvött til þess en er samt gefið tækifæri til að skipta um viðfangsefni ef þau vilja. Vel er unnið með klúbbastarf.

Börnin fá góðan tíma til að velja sér viðfangsefni í vali. Þau eru hvött til að standa við val sitt en hafa þó svigrúm til að skipta um viðfangsefni. Hugmyndakassi hangir uppi fyrir börnin. Vel er tekið í hugmyndir barnanna og forstöðumaður er alltaf sýnilegur og aðgengilegur fyrir börnin. Börn bera ábyrgð á að hringja bjöllu þegar þau eiga að koma inn eftir útiveru og eru hvött til að ganga frá eftir sig.

Mikil virðing er sýnd börnunum og lögð er áhersla á að viðurkenna ólíkar þarfir þeirra. Forstöðumaður situr skilafundi þegar börn eru að hætta í leikskólanum og að koma í grunnskóla og frístundaheimili. Börnin fá öll jöfn tækifæri og jafna hlutdeild í starfinu. Félagslegum stuðningi við börn sem þurfa sérstaka hvatningu er vel sinnt. Útvera er vel mönnuð til að koma í veg fyrir árekstra í barnahópnum.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Bæta mætti myndrænar skýringarmyndir fyrir börnin og staðsetningar á skilaboðum til barna og foreldra, t.d. með því að setja upplýsingatöflu fyrir foreldra fyrir framan Skólasel eða stóra valtöflu þar sem einnig væri hægt að setja upplýsingar fyrir foreldra. Skoða möguleika á að nýta betur náttúruna umhverfis skólalóðina, s.s. Elliðaárdalinn og Ártúnsbrekku.

Ekki er til aðgerðaráætlun fyrir frístundaheimilið, en handbókin kemur að vissu leyti í staðinn. Þar myndi þá helst vanta hvað á að gera nýtt á viðkomandi starfsári út frá stefnu og áætlunum skólans og starfsskrá frístundamiðstöðva SFS. Eins þarf að leiðrétta verð fyrir gjald á löngum dögum í handbókinni.

Huga þarf að meiri hollustu og fjölbreytni í síðdegishressingu. Hvatningu um hreinlæti mætti bæta með því að setja leiðbeiningar á salerni í hæð barnanna. Eins er lagt til að börnin fái diska undir síðdegishressinguna. Gæta þarf að því að börnin séu klædd í samræmi við veður og viðfangsefni. Hvatningu til sjálfsábyrgðar mætti bæta með því að þau gerðu meira sjálf í síðdegishressingu og að eldri börnum sé leiðbeint með að koma sér sjálf á æfingar (s.s. sýna þeim hjólaleiðir). Æskilegt er að nýta umhverfið á markvissan hátt til útilífs, sjálfstæðis,

óformlegs náms og sköpunar.

Gefa má sjálfsprottnum leik og athöfnum barna meira rými í frístundatímunum sem koma inn í skóladaginn. Hluti starfsfólks er ekki nógu virkur í að leiðbeina og taka þátt í leik barna þegar það á við, en aðrir mjög virkir. Skólasel mætti vera virkara í að halda viðburði í tengslum við viðburði skólans, s.s. í föstudagssamveru. Vinna mætti meira með reynslunám, t.d. í náttúrunni umhverfis frístundaheimilið.

Huga þarf að því að hafa jafnvægi á milli rólegra leikja og hreyfileikja í vali. Virkja mætti börnin meira með í starfinu, þannig að þau hafi meira að segja um viðfangsefnin og skipulag starfsins. Ekki er víst að börn í 1. og 2. bekk geti nýtt sér það að setja skriflegar hugmyndir í hugmyndakassa, mætti vera meira um umræðu og fjölbreyttari leiðir til að fá fram hugmyndir barnanna. Nýta aðferðir barnalýðræðis til að ná fram hugmyndum allra barna og virkja þau enn frekar í að hafa áhrif á starfið. Setja mætti á laggirnar barnaráð sem gæti m.a. haft það hlutverk að vinna úr hugmyndum sem koma í hugmyndakassann. Kanna mætti möguleika á að börnin hefðu meira um leiksvæðin sín að segja, sérstaklega aðstöðu fyrir 2. 3. og 4. bekk. Æskilegt væri að vinna markvisst með Barnasáttmálann í starfinu. Gefa mætti börnunum tækifæri til að skipuleggja viðburði frá a-ö, koma með hugmyndir að viðburðum og framkvæma þær alla leið. Fjölga mætti verkefnum sem börnin bera ábyrgð á í starfinu, s.s. við ákveðin verkefni í síðdegishressingu, að fylgjast sjálf með tímanum þegar þau eru að fara á æfingar, ganga frá útifötum og leikföngum.

Huga þarf að þátttöku foreldra í gerð einstaklingsáætlunar fyrir börn sem þurfa stuðning og huga að móttöku og upplýsingum fyrir börn/foreldra með annað móðurmál en íslensku. Í móttökuáætlun Ártúnsskóla varðandi börn með annað móðurmál en íslensku kemur ekkert fram varðandi aðlögun á frístundaheimilið, það mætti bæta. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður frístundaheimilis sé með í móttökuvíðtali í grunnskóla. Skoða þarf hvernig markvisst er unnið með fjölmenningu og jafnrétti og huga betur að jöfnum tækifærum stúlkna og drengja í íþróttahúsinu.

SKÓLA- OG STAÐARBRAGUR

Viðmiðum um skóla- og staðarbrag er skipt í fjóra undirkafla: Viðmót og menning, velferð og líðan, nemendalýðræði og forvarnir og þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun. Í hverjum undirkafla er fjallað um þessa þætti út frá sjónarhorni leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis.

LEIKSKÓLI

STYRKLEIKAR

Í leikskólanum ríkir góður andi og gagnkvæm virðing og traust einkennir samskiptin. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks og barna. Börnunum líður vel í leikskólanum, þau eru glöð og áhugasöm og taka tillit.

Foreldrar eru ánægðir í ummælum sínum um leikskólann og í foreldrakönnun lýsa rúmlega 90% svarenda yfir ánægju sinni með leikskólastarfið. Þeir telja að barninu líði vel í leikskólanum og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Einnig kemur fram í foreldrakönnun almenn ánægja með húsnæðið og leikaðstöðu innandyrna.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Mikilvægt er að tryggja reglulega miðlun upplýsinga til foreldra leikskólabarna og nýta til þess fjölbreyttar leiðir. Stjórnendateymi leikskólans þarf að koma á samræmdu verklagi í upplýsingagjöf til foreldra og skoða fjölbreyttar leiðir til að auka þátttöku foreldra í leikskólastarfinu þar sem nokkuð skortir á markvisst samstarf við foreldra leikskólabarna um námið. Einnig þarf að leita markvisst eftir hugmyndum og tillögum frá foreldrum um leikskólastarfið og sjá til þess að foreldrar taki þátt í að meta nám og framfarir barnsins.

Æskilegt er að veita börnunum tækifæri til að taka þátt í að búa til reglur leikskólans.

Á heimasíðu skólans þarf að setja upplýsingar um leikskólann skýrar fram og til jafns við grunnskólann.

Bæta þarf leikaðstöðu á skólalóð leikskólans en í foreldrakönnun komu fram óánægjuraddir með útileikaðstöðu.

GRUNNSKÓLI

STYRKLEIKAR

Skólinn hefur mótað stefnu um jávæðan skólabrag og unnið er eftir henni í daglegu starfi. Starfsfólk, nemendur og foreldrar þekkja gildi skólastarfsins og þau eru sýnileg í skólanum. Sem dæmi um markvissa aðgerð til að efla skólabrag má nefna að þegar nemendur mæta í skólann að morgni hljómar tónlist í salnum þetta er að sögn gert til að skapa ró og jákvætt andrúmsloft. Einnig er mánaðarlega gerð umsögn um hegðun og líðan nemenda og nemendur setja sér markmið í samráði við foreldra.

Nemendur taka þátt í Skólapúlseinum og þannig getur skólinn fylgst með líðan þeirra og samskiptum. Samkvæmt nýjustu könnun er líðan nemenda í skólanum góð og einelti í lágmarki. Eineltisáætlun grunnskólans er birt í starfsáætlun og á heimasíðu, hún felur í sér skilgreiningu á einelti og viðbrögð skólans þegar það kemur upp. Regluleg nemendasamtöl eru vettvangur til að ræða líðan og hegðum nemenda og á reglulegum bekkjarfundum fá nemendur tækifæri til að ræða samskipti sín og annað sem á þeim hvílir.

Nemendafélagið er virkt og stjórnin er kosin lýðræðislegri kosningu, sömuleiðis er kosið í umhverfisráð sem nemendur sitja í. Bekkjarkvöld eru tvisvar á skólaári og eldri nemendur fá kynningu á Tíunni sem er félagsstarf í Árbæjarskóla fyrir nemendur á miðstigi. Í rýnihópi þeirra kemur fram að þau vildu alveg hafa fleiri bekkjarkvöld.

Skólareglur eru birtar á heimasíðu og í foreldrahandbók, þær eru sýnilegar í skólanum og nemendur þekkja þær.

Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í starfinu og föstudagssamvera þar sem hver bekkur ber ábyrgð á dagskrá að minnsta kosti tvisvar á skólaári telst til fyrirmyndar. Samverustundin er opin foreldrum og er þátttaka þeirra góð. Í rýnihóp foreldra kom fram sérstök ánægja með þessa stund.

Upplýsingamiðlun til foreldra er regluleg og á heimasíðu eru glöggar og gagnlegar upplýsingar um skólastarfið í grunnskólanum. Í foreldrahandbók geta foreldrar fundið á einum stað helstu upplýsingar um skólann og samstarf við hann. Á heimasíðu er einnig birt áætlun um foreldrasamstarf þar sem m.a. er getið helstu viðburða á skólaárinu.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Í skólanámskrá þarf að koma fram hvaða leiðir skólinn notar til að efla samkennd, tillitssemi og virðingu í samskiptum. og gera þarf grein fyrir hvaða leiðir eru farnar til að innleiða og viðhalda góðum skólabrag.

Ekki kemur fram hverjir hafa komið að gerð eineltisáætlunar, en æskilegt er að foreldrar og nemendur eigi hlutdeild í gerð hennar. Einnig þarf að láta koma skýrt fram að áætlun um einelti nái einnig til starfsemi innan Skólaselsins.

Gæta þarf þess að fulltrúar nemenda í skólaráði séu kosnir lýðræðislegri kosningu og séu fullgildir þátttakendur í störfum ráðsins.

FRÍSTUNDAHEIMILI

STYRKLEIKAR

Í viðhorfskönnun til foreldra kom fram almenn ánægja með frístundaheimilið og samskipti við starfsfólk og stjórnendur. 97.5% foreldra sem svara foreldrakönnun frístundaheimila eru almennt ánægðir með samstarf og samskipti við frístundaheimilið og svipað hlutfall segir að viðfangsefni séu áhugaverð og börnunum líði vel. Foreldrum finnst vera góð samfella í degi barnsins og umhverfið hlýlegt innandyrna en um 70% telja umhverfið utandyra gott, þó líka komi fram athugasemdir um að útileikaðstaða þyrfti að vera betri.

Forstöðumaður segist hvetja bæði starfsfólk og börn til að prófa eitthvað nýtt og hvetja starfsfólk til að vera með krefjandi verkefni. Börn í rýnihópi sögðu að forstöðumaður hefði búið til reglurnar í Skólaseli, að hlusta á og hlýða starfsfólki og vera góð hvert við annað. Þeim finnst verkefnin í Skólaseli „geggað skemmtileg“ og nefna tölvur, klúbba og íþróttahús.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Gera mætti grein fyrir því hvernig unnið er út frá gildum skólans í frístundastarfinu og vinna út frá þeim á markvissari hátt. Formgera þarf samstarf við foreldra, t.d. með kynningu á starfinu, samstarfi við skólaráð og bjóða upp á foreldraviðtöl, en í viðtali við forstöðumann kom fram að það stæði til næsta haust.

MANNAUÐUR

Viðmiðum um mannauð er skipt í þrjá undirkafla: Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað, viðhorf til stjórnunar og samstarf og upplýsingamiðlun. Fjallað er sameiginlega um mannauð allra eininga skólans og stuðst við viðmið um gæði í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi.

STYRKLEIKAR

Í öllum rýnihópum kom fram að góður starfsandi ríkir í Ártúnsskóla, 95% þeirra sem svöruðu starfsmannakönnun voru sammála því að góð samskipti væru í starfsmannahópnum og finnst þau einkennast af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Starfsfólki finnst hæfni þess og þekking nýtast í starfinu, starfsþróunarsamtöl eru regluleg og gagnleg að mati starfsfólks.

Sameiginlegt starfsmannafélag starfar við skólann og stendur fyrir ýmsum upþákomum fyrir starfsfólk. Viðburðir á vegum félagsins eru kynntir á töflum í kaffistofum í leikskólanum og skólanum.

Húsnæði skólans er sérlega vistlegt, kennslustofur eru vel skipulagðar og umgengni um þær góð. Aðstaða á

bókasafni skólans er til fyrirmyndar. Bókakostur í bókasafni grunnskólans og í leikskólanum er góður og aðstaða til lestrar og verkefnavinnu í bókasafninu er aðlaðandi og heimilisleg. Aðstaða fyrir sérkennslu er góð, bæði í leikskólanum og grunnskólanum, að því er fram kom í rýnihópi um sérkennslu.

Frístundaheimilið hefur ágæta aðstöðu og m.a. góðan aðgang að íþróttasal, tölvustofu, myndlistarstofu og heimilisfræðistofu. Starfsfólk frístundaheimilis fundar reglulega með stjórnanda og lýðræðisleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Í rýnihópum kom fram mikil ánægja með samskipti við stjórnendur: „Þægilegt að leita til yfirmanna með hvað sem er, alltaf tekið með opnum örmum“. Í starfsmannakönnun komu spurningar varðandi stjórnun mjög vel út, 95% þátttakenda sögðu að vinnustaðnum væri vel stjórnað og enginn var ósammála fullyrðingunni. Handbók er til fyrir nýja starfsmenn í leikskólanum

Stjórnendur allra eininga nota tölvupóst mikið til að miðla upplýsingum til starfsfólks og foreldra og upplýsingatöflur í grunnskóla, leikskóla og frístundaheimili gegna sama hlutverki. Forstöðumaður frístundar sendir reglulega pósta til foreldra og sendir út dagskrá frístundaheimilisins.

Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram ánægja með upplýsingamiðlun, en í starfsmannakönnun sögðu 75% að upplýsingastreymi væri gott. Við nýráðningar er aflað upplýsinga hjá sakaskrá. Starfsfólk í leikskólanum undirritar yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað í starfi.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Skerpa þarf á verkaskiptingu stjórnenda og efla samstarf í stjórnendateymi skólans enn frekar. Æskilegt er að auka faglegt samstarf milli leikskólans og grunnskólans til að skapa meiri samfellu í námi barnanna en í rýnihópum kom fram að starfsfólk leikskólans er ekki í miklum samskiptum eða samstarfi við starfsfólk í grunnskólanum og á frístundaheimilinu. Dagleg samskipti grunnskólakennara og starfsfólks í Skólaseli eru meiri en ekki er mikið faglegt samstarf þar á milli. Fram kom einnig í rýnihópum að samræma þarf verklag og starfsaðferðir milli deilda í leikskólanum.

Leita þarf allra leiða til að fjölga leikskólakennurum og tengja leikskólastarfið enn frekar við aðalnámskrá leikskóla. Verkaskiptingu varðandi faglegt starf leikskólans þarf að skýra betur og gæta þess eins og kostur er að deildarfundir falli ekki niður og að kjarasamningsbundinn undirbúningstími leikskólakennara falli ekki niður vegna manneklu. Tryggja þarf að allt starfsfólk skólans skrifi undir yfirlýsingu um trúnað í starfi.

Móta þarf verklag varðandi samskiptavandamál í starfsmannahópnum og gera áætlun um viðbrögð við einelti og áreiti í hópnum.

Í starfsmannakönnun og í rýnihópum kom fram að huga þyrfti á endurbótum á húsgögnum og búnaði leikskólans, bæta tækjakost og aðgengi að netinu og gera úrbætur á skólalóðinni. Ekki er góð fundaraðstaða í leikskólanum og nýta þarf undirbúningsherbergi fyrir foreldrasamtöl. Leita þarf leiða til að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna í frístund, t.d. aðstöðu fyrir forstöðumann frístundar og aðstöðu fyrir fatnað og persónulega muni starfsmanna. Gerðar eru athugasemdir við síðdegishressingu á frístundaheimilinu. Matvæli sem boðið er upp á eru stundum útrunnin og auka þarf fjölbreytni og hollustu.

Heimasíða skólans endurspeglar mest starfsemi grunnskólans en leikskólinn og frístundaheimilið þyrftu að vera sýnilegri á síðunni til að miðla upplýsingum um allt starf innan skólans á markvissan hátt.

INNRA MAT

Viðmiðum um innra mat í grunnskóla er skipt í tvo meginkafla: Framkvæmd innra mats og umbótastarf í kjölfar innra mats. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.⁵

STYRKLEIKAR

Áætlanir um innra mat grunnskólans liggja fyrir bæði til eins árs og fimm ára áætlun. Þar kemur fram hvaða viðfangsefni eru tekin fyrir á hverju ári og hvernig gagna verður aflað. Skólinn hefur útbúið viðmið um góða kennslustund og góðan kennara.

Í starfsáætlun leikskóladeildar er fjallað um innra mat sem fram fór á starfsdegi að vori þar sem sjónum var beint að grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrá 2011. Grunnskólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra matið og fjölbreyttar aðferðir við öflun gagna.

Niðurstöður innra mats eru kynntar starfsmönnum og foreldrum eftir því sem við á. Í rýnihópum kemur fram að brugðist er við niðurstöðum og ábendingum sem sýna að umbóta er þörf. Umbótaáætlun fyrir skólaárið liggur fyrir við matið og henni er skilað árlega til skóla- og frístundasviðs. Hluti umbótaáætlunar birtist á heimasíðu skólans. Nokkur umbótaverkefni ná til bæði leik- og grunnskóla.

ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Birta þarf upplýsingar um innra mat í skólanámskrá svo þar komi fram hvernig stefna skólans er metin og lýsa helstu leiðum sem skólinn fer til að meta skólastarfið. Einnig þarf að meta markmið skólanámskrár og skilgreina viðmið um árangur.

Gera þarf matsáætlun sem nær til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis og greinargerð um innra mat sem nær til allra deilda skóla- og frístundastarfsins þar sem m.a. kemur fram að hve miklu leyti árangur sem stefnt er að hefur náðst. Nauðsynlegt er að skýra hvernig umbótaverkefni tengjast greiningu á niðurstöðum innra mats.

⁵ Sjá Viðmið um gæði í skólastarfi grunnskóla:

http://reykiavik.is/sites/default/files/ymis_skiol/skiol_utgefid_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf

ÁRTÚNSSKÓLI – YFIRLIT

Stjórnun			Mann- auður	Skóla- og staðar- bragur	Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Mannauður	Skóla- og staðar- bragur	Framkvæmd	Umbótastarf
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólaþróun	Skólaráð og foreldrafélag	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Viðmót og menning	Skipulag og framkvæmd	Opinber birting og umbætur
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda		Viðhorf til stjórnnunar	Velferð og líðan	Gagnaöflun og vinnubrögð	
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Samstarf og upplýsinga- miðlun	Nemenda- lýðræði og forvarnir		
Skólaþróun				Þátttaka foreldra og upplýsinga- miðlun		

Myndirnar sýna meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt sýnir mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt gott verklag** flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta** og **rautt að verklag er óviðunandi** og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Nám og kennsla Grunnskóli			Uppeldi og menntun Leikskóli		Frístunda- starf	
Nám og náms- aðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Náms- aðlögun				
Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Skipulag náms og námsaðstæður	Námssvið leikskólans	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Virk þátttaka og lýðræði
Skipulag náms og náms- umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Uppeldi, menntun og starfshættir	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileika ns	Uppeldi og menntun	Mannréttindi og margbreytileiki
Kennsluhættir og gæði kennslu			Leikur og nám – lýðræði og þátttaka barna	Mat á námi og velferð barna	Starfshættir og viðfangsefni	
Námshættir og námsvitund						

Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.

- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.